



Suðurnesjabær
Sunnubraut 4
250 Suðurnesjabær

Garðabær, 22.8.2025

Málsnúmer: 202507-0045

BK

Efni: Reykjanesbraut við Rósaselstorg - Skipulagslýsing

Vísað er til erindis frá Suðurnesjabæ sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 22. júlí 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um lýsingu á breytingu á Aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034 vegna Reykjanesbrautar við Rósaselstorg.

Vegagerðin áformar að tvöfalda Reykjanesbraut frá Hafnarvegi og Víknavegi við Fitjar í Reykjanesbæ og að vegamótum Reykjanesbrautar, Sandgerðisvegar og Garðskagavegar við Rósaselstorg í Suðurnesjabæ. Vegagerðin hyggst tvöfalda Reykjanesbraut á þessum kafla, þannig að vegurinn verði fjögurra akreina vegur, með tveimur akreinum í hvora átt og aðskilnaði akstursstefna með vegriði. Alls er um að ræða 4,7 km langan kafla Reykjanesbrautar í Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Framkvæmdasvæðið er í grennd við umferðarpunga vegi og ber töluverð merki rasks. Þá hefur lúpínu verið plantað meðfram vegum þaðan sem hún dreifist í nærliggjandi mólendi.

Líkt og fram kemur í lýsingunni, er framkvæmdasvæðið að hluta til innan mikilvæga fuglasvæðisins [Rosmhvalanes](#) þar sem finna má stærsta sílamáfsvarp landsins. Hrun varð í varpinu 2005 þegar það fór úr um 40.000 pörum í 5.000 pör.¹ Lítilleg fjölgun hafði átt sér stað 2018² en varpið er enn ekki svipur hjá sjón frá því sem áður var.³

Í [vistgerðakortasjá](#) Náttúrufræðistofnunar er hluti svæðisins flokkaður sem skógrækt en á loftmynd er ekki að sjá að tré séu til staðar innan framkvæmdasvæðisins nema í mjög litlum mæli en þekja ræktaðs skóglendis í kortasjánni er upprunnin úr landupplýsingagrunni Skógræktar ríkisins (nú Land og skógur).

Í stað skógræktar einkennist svæðið af mó- eða moslendi og líklega eru þar sömu vistgerðir og finna er annars staðar innan framkvæmdasvæðisins samkvæmt vistgerðakortasjánni. Þar er lyngmóavist á láglendi ríkjandi en hún hefur hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Einnig er þar hraungambravist sem hefur lágt verndargildi. Þá virðist vera votlendisbelti í kringum Rósaselstjarnir.

Það má reikna með þónokkru fuglalífi innan og í grennd skipulagssvæðisins, einkum við Rósaselstjarnir þar sem skráðar hafa verið 27 fuglategundir samkvæmt fuglaáhugamannasíðunni [eBird](#).

Á svæðinu sem afmarkast af byggðinni í Keflavík, Garðskagavegi og Reykjanesbraut var töluvert sílamáfsvarp sumarið 2025³ sem er að mestu utan við þau mörk sem skilgreind voru fyrir mikilvæga



fuglasvæðið á sínum tíma. Þéttast var varpið sunnan við Rósaselstjarnir en nokkurt varp gæti einnig verið innan skipulagssvæðisins.

Náttúrufræðistofnun hvetur til þess að forðast verði sem mest framkvæmdir á varptíma. Vegna lúpínu þarf einnig að gæta þess að við framkvæmdir sé jarðvegur ekki fluttur af svæðinu þar sem hann getur innihaldið fræforða þessarar ágengu plöntutegundar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir

Líffræðingur

Heimildir

- 1) Gunnar Þór Hallgrímsson og Páll Hersteinsson 2011. Spatial contraction in a large gull colony in relation to the position of Arctic Fox dens. *European Journal of Wildlife Research* 58: 441–450.
- 2) Náttúrustofa Suðvesturlands og Þekkingarsetur Suðurnesja 2018. Varpstofn sílamáfa á Miðnesheiði 2018 - Þátttaka almennings í vísindarannsóknum.
- 3) Náttúrufræðistofnun, óbirt gögn.